



ÁHUGAVERÐIR STAÐIR Á GULLNA HRINGNUM

Skráning myndastoppa

Unnið fyrir Vegagerðina og menningar- og viðskiptaráðuneytið
Febrúar 2023



22313

https://vsoradgjof.sharepoint.com/sites/workpoint_32/Project1877/Documents/Forms/moppur.aspx?id=%2Fsites%2Fworkpoint%5F32%2FProject1877%2FDocuments%2FGreinarger%C3%B0%2FGreinarger%C3%B0%5Fvinnug%C3%B6gn&viewid=a68c4cf5%2D75dd%2D492c%2Dac02%2D2182ef9dccc4

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	28.02.2023	AM/ÁCG/SBJ	ÁCG/GK	AM

Unnið af:

VSÓ Ráðgjöf
Borgartúni 20, 105 Reykjavík

www.vso.is



Unnið fyrir:

Vegagerðin
Miðhúsavegi 1, 600 Akureyri



Efnisyfirlit

1	Inngangur	4
2	Aðferðarfræði og hugtök	4
2.1	Viðtöl	4
2.2	Uppsetning greinargerðar	5
2.3	Hugtakanotkun	5
2.4	Slysaskráningar	6
3	Gullni hringurinn	6
4	Myndastopp á Gullna hringnum	7
4.1	Leirvogsvatn	8
4.2	Kjósarskarðsvegur	9
4.3	Stóralandstjörn	10
4.4	Vilborgarkelda	12
4.5	Skálabrekka	13
4.6	Hrafnagjá	14
4.7	Lyngdalsheiði vestur	15
4.8	Beitivellir	16
4.9	Lyngdalsheiði miðsvæði	18
4.10	Lyngdalsheiði austur	19
4.11	Miðdalskirkja	20
4.12	Brúará	21
4.13	Brú yfir Tungufljót	23
4.14	Brú	24
4.15	Gýgjarhóll	26
4.16	Brúarhlöð	27
4.17	Brúará við Spóastaði	29
4.18	Snæfoksstaðir	30
4.19	Tannastaðir	31
4.20	Sumarbústaður í Ingólfsfjalli	32
4.21	Kotstrandarkirkja	33
4.22	Kambabrún	35
4.23	Svínahraun	37
4.24	Við slysaskilti	39
5	Frumdrög að hönnun	40
6	Umræður	41
7	Niðurstaða	42
8	Heimildir	43



9	Viðauki	44
9.1	Yfirlitskort um staðsetningar myndastoppa	44
9.2	Yfirlitstafla	45
9.3	Myndastopp – teikning	46
9.4	Áningarstaður - teikning	47
9.5	Norðurljósastopp - teikning	48



1 Inngangur

Eftirfarandi verkefni er unnið fyrir hönd Vegagerðarinnar og fjármagnað af Vörðu sem er samstarfsverkefni á vegum menningar- og viðskiptaráðuneytisins og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins. Varða er heildstæð nálgun á stjórnun áfangastaða. Vörður eru merkisstaðir á Íslandi sem teljast einstakir á lands- og/eða heimsvísu. Meginaðdráttarafli þeirra eru náttúrufrýrbæri og/eða menningarsögulegar minjar sem mynda sérstætt landslag eða landslagsheildir. Vörðum er ætlað að vera vegvísar fyrir ferðamenn á leið þeirra um landið að áfangastöðum þar sem öll umgjörð, skipulag og móttaka gesta er framúrskarandi. Í viðmiðum Vörðu er lögð áhersla á m.a. tengingar milli staða með skilvirku samgöngukerfi s.s. með merktum áningarstöðum og útskotum á aðliggjandi vegum. Jafnframt er lögð áhersla á álagstýringu.

Ein af þekktustu ferðamannaleiðum á Íslandi er Gullni hringurinn eða á ensku „The Golden Circle“ enda hefur hann að geyma margar af þekktustu náttúruperlum og sögustöðum landsins s.s. Þingvelli, Laugarvatn, Gullfoss og Geysi. Fyrir heimsfaraldurinn árið 2020 var fjöldi ferðamanna sem ferðaðist til umræddra áfangastaða orðinn verulegur (Rögnvaldur Ólafsson & Gyða Þórhallsdóttir, 2015) og í kjölfarið sköpuðust umræður um þolmörk staðanna og umferðaröryggi veganna, miðað við þá miklu umferð sem um þá fara.

Þingvellir, Gullfoss og Geysir eru allt þrjú staðir í Vörðu ferli. Út frá því varð til þetta verkefni „Áhugaverðir staðir á Gullna hringnum – skráning myndastoppa“. Þrátt fyrir tímabundna niðursveiflu á tímum heimsfaraldursins fjölga ferðamönnum hratt á ný og benda allar spár til þess að þeim muni fjölga hratt á næstu árum og til lengri tíma. Því þarf að taka stór skref í að móta umgjörð fyrir áfangastaðastjórnun á Íslandi. Þetta verkefni er liður í þeirri vegferð.

Markmið verkefnisins er að fá heildstæða yfirsýn yfir staði á Gullna hringnum þar sem ferðamenn stoppa gjarnan á til myndatöku og þar sem engin aðstaða er til staðar. Einnig að leggja til fyrstu úrbætur að bættu flæði umferðar ferðamanna um svæðið og jöfnun á álagstoppum sem og búa til grunn til frekari úrbóta til framtíðar.

Miðað er við að niðurstaða skráningarinnar geti veitt upplýsingar um staði þar sem huga þarf að betri aðstöðu og auknum innviðum, bæði til að hafa áhrif á umferð ferðamanna og jafna flæði hennar betur um svæðið á álagstoppum.

Höfundar skýrslunnar bera ábyrgð á innihaldi hennar. Niðurstöður hennar ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Vegagerðarinnar eða álit þeirra stofnana eða fyrirtækja sem höfundar starfa hjá. Höfundar þessa verkefnis eru Auður Magnúsdóttir umhverfisstjórnunarfræðingur og Ásta Camilla Gylfadóttir landslagsarkitekt hjá VSÓ Ráðgjöf. Þakkið fá Sóley Jónasdóttir, Einar Pálsson, Svanur G. Bjarnason, Margrét S. Þorkelsdóttir og Guðmundur Guðbrandsson hjá Vegagerðinni, María Reynisdóttir frá menningar- og viðskiptaráðuneyti, Hildur Kristjánsdóttir frá háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti og Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu fyrir yfirllestur og góðar ábendingar.

2 Aðferðarfræði og hugtök

Fyrirmynd að aðferðarfræði og framsetningu þessa verkefnis er verkefni Vegagerðarinnar frá árinu 2017 um skráningu myndatökustaða á Hringveginum (Sóley Jónasdóttir, 2017).

2.1 Viðtöl

Tekin voru viðtöl við aðila sem þekkja vel til umferðar um Gullna hringinn og þeir beðnir um að segja frá þeim stöðum þar sem þeir verða varir við að ferðamenn stoppi til að taka myndir. Tekin var sú stefna að skrá niður alla staði, hvort sem þeir voru með aðstöðu til að stoppa eða ekki til að fá heildarmynd af þeim stöðum sem vekja áhuga ferðamanna.

Viðmælendur voru: Svanur G. Bjarnason svæðisstjóri Vegagerðarinnar á Selfossi,



Guðmundur Guðbrandsson eftirlitsmaður hjá Vegagerðinni á Selfossi, Guðni Guðnason bílstjóri hjá Kynnisferðum, Óli Jón Ólafsson og Jakob Narfi Hjaltason bílstjórar hjá Guðmundi Tyrfingssyni ehf, Reynir Gunnarsson á Efri-Reykjum og Einar Á. E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður á Þingvöllum. Kunnum við þeim bestu þakkir fyrir að gefa sér tíma til að leggja verkefninu lið.

2.2 Uppsetning greinargerðar

Fjallað er um hvern stað fyrir sig og í upphafi hvers kafla er tafla þar sem fram kemur við hvaða veg staðurinn stendur, við hvaða vegstöð eða stöðvabil og hvort/hvernig staðurinn er flokkaður í gæðahandbók þjónustudeildar Vegagerðarinnar (Vegagerðin, 2022). Þá er gefin einkunn fyrir umferðaröryggi sem getur verið gott, ekki gott eða slæmt og tekið er fram hvort aðbúnaður sé á staðnum s.s. bekkir, borð eða skilti. Gerð er grein fyrir því hvers vegna ferðamenn stöðva á viðkomandi stað, hvert aðdráttarafli staðarins er og að lokum hvort og þá hvaða tillögur til úrbóta eru lagðar fram. Tímarammi verkefnisins leyfði ekki að rætt væri við landeigendur og því er sá fyrirvari gerður hér að við staðsetningu nýrra áningarstaða á eftir að fara í alla samráðs- og samningavinnu við landeigendur.

Tafla 2.1 Skýringar á mögulegri útfyllingu taflna yfir viðkomandi áningarstað.

Áningarstaður eða myndastopp	
Vegnúmer	Númer vegar samkvæmt vegaskrá Vegagerðarinnar
Stöðvarnúmer	Staðsetning á tilteknum vegi með vísan í stöðvarnúmer
Flokkun	Flokkun samkvæmt gæðahandbók þjónustudeildar Vegagerðarinnar
Umferðaröryggi	Gott, ekki gott, slæmt.
Aðbúnaður	Bekkir, borð, skilti, annað.
Aðdráttarafli	Hvað dregur fólk að staðnum.
Tillögur til úrbóta	Engar, stórt myndstopp, lítið myndastopp, annað.

2.3 Hugtakanotkun

Í þessu verkefni eru gerð frumdrög að hönnun fyrir þrjár gerðir af áningarstöðum, þ.e. myndastopp, áningarstað og norðurljósaplan.

Áningarstaður

Á þessum stað er hugmyndin að gestir geti stoppað lengur, bekkir og borð eru til staðar á áningarsvæði þannig að gestir geti sest niður og t.d. nært sig.

Í verkefninu Hliðarmannvirki, drög að leiðbeiningum frá árinu 2019 er hugtakið hliðarmannvirki notað sem „samheiti fyrir svæði utan akbrautar þar sem vegfarendur geta hvílst eða áð til styttri tíma á öruggum stað eða til að þjónusta og sinna ökutæki sínu“. Þar eru hliðarmannvirki jafnframt flokkuð í áningarstaði, útskot og hliðarplön (Fríða Björg Eðvarðsdóttir, 2019). Í þessu verkefni um Gullna hringinn er fyrst og fremst verið að horfa til áningarstaða en áningarstaður er samkvæmt vegorðasafni Vegagerðarinnar staður við veg þar sem vegfarendur geta hvílst (Vegagerðin, 2022).

Myndastopp



Þessi staður er hugsaður sem stutt stopp, leggja bílnum, taka myndir og yfirgefa staðinn í kjölfarið.

Norðurljósaplan


Hugtakið norðurljósaplan er nýtt af nálinni og kemur í kjölfar viðtala við rútubílstjóra sem eru öllum hnútum kunnugir á Gullna hringnum. Þeir nefndu t.d. að þeir komi oft að bílaleigubílum sem hafa stöðvað hér og þar við þjóðvegi að vetrarlagi og ástæðan er norðurljós á himni.

2.4 Slysaskráningar

Slysakort Samgöngustofu var skoðað til að fá yfirsýn yfir óhöpp eða slys sem rekja mætti til staðsetningar áningarstaða við þjóðveginn. Tímabilið frá 01.01.2012 til 31.12.2021 var skoðað, eða 10 ár (Samgöngustofa, 2022). Tekið er fram í kafla hvers áningarstaðar hvort skráð slys eða óhöpp séu í námunda við staðinn.

3 Gullni hringurinn

Leiðin sem algengast er að skilgreina sem Gullna hringinn liggur út frá Hringvegi 1 (Vesturlandsvegi) í Mosfellsbæ um Þingvallaveg (36) um Mosfellsheiði og í gegnum Þjóðgarðinn á Þingvöllum. Þaðan yfir Lyngdalsheiðarveg (37) að Laugarvatni. Þá Laugarvatnsveg (37) til suðurs og Biskupstungnabraut (35) upp að Geysi. Þá áfram Biskupstungnabraut (35) að Gullfossi. Þegar haldið er til baka er oft farið niður Biskupstungnabraut (35) um Reykholt, Brúará og Keríð og þaðan niður á Hringveg (Suðurlandsveg) skammt norðan við Selfoss. Fleiri möguleikar eru þó á leiðinni s.s. Skálholtsvegur (31) og Skeiða- og Hrunamannavegur (30). Gera má ráð fyrir að lengd leiðarinnar utan þeirrar síðastnefndu sé a.m.k. um 210 km.



Mynd 3.1 Gullni hringurinn eins og hann er skilgreindur í þessu verkefni. Sjá einnig stærra kort í viðauka.



4 Myndastopp á Gullna hringnum

Eftirfarandi kaflar lýsa helstu myndastoppum á Gullna hringnum. Ástandi þeirra er lýst og gerð grein fyrir því hvort lagt sé til að gera á þeim úrbætur. Staðirnir eru samtals 24, þar af 3 nýjar staðsetningar sjá töflu 4.1 hér fyrir neðan.

Tafla 4.1 Yfirlit yfir áningarstaði sem skráðir voru í verkefninu. Skilgreiningar: Flokkur **A** þýðir að lagt er til að viðkomandi staður sé í forgangi hvað úrbætur varðar, **B** þýðir miðlungsforgang, **C** minni forgang og að lokum flokkur **D** en í þeim flokki felast úrbætur fyrst og fremst í bættum merkingum og viðhaldi. Sjá einnig töflu í viðauka.

Nr.	Fl.	Heiti	Vegnr.	Aðbún.	Aðdráttarafl	Tillögur til úrbóta
1	D	Leirvogsvatn	36	Nei	Norðurljós, stöðuvatn, víðerni	Engar
2	C	Kjósarskarðsvegur	48	Nei	Norðurljós	Uppfæra í norðurljósaplan.
3	A	Stóralandstjörn	36	Nei	Tjörn, mói	Endurbætur á núverandi stað, myndastopp.
4	A	Vilborgarkelda	36	Já	Útsýni yfir Þingvallavatn	Endurbætur á núverandi stað, áningarstaður.
5	A	Skálabrekka	36	Já	Útsýni yfir Þingvallavatn	Leggja niður eða bæta verulega.
6	D	Hrafnagjá	36	Bekkir og borð	Útsýni yfir Þjóðgarðinn	Vísa fyrir á staðinn.
7	D	Lyngdalsheiði vestur	365	Já	Útsýni yfir Þingvallavatn, fjallasýn	Viðhald og skilti.
8	B	Beitvellir	365	Nei	Fjallasýn	Myndastopp (nýr staður).
9	D	Lyngdalsheiði miðsvæði	365	Nei	Útsýni yfir Laugarvatn	Engar.
10	D	Lyngdalsheiði austur	365	Já	Útsýni yfir Laugarvatn	Bæta merkingar.
11	D	Miðdalskirkja	37	Nei	Falleg kirkja	Engar.
12	A	Brúará	37	Nei	Gönguleið að Brúarfossi, vatnsfall	Er í úrbótaferli hjá landeigendum.
13	D	Brú yfir Tungufljót	35	Nei	Vatnsmikið fljót, flúðir	Engar
14	D	Brú	35	Já	Hross	Engar
15	B	Gýgjarhóll	30	Nei	Fjallasýn, 360°	Myndastopp (nýr staður)
16	B	Brúarhlöð	30	Já	Landslag, vatnsmikil á	Er í úrbótaferli hjá landeigendum.
17	D	Brúará við Spóastaði	35	Já	Brúará	Bæta yfirborð og merkingar fyrir stæði.
18	D	Snæfoksstaðir	35	Já	Skógur, næði	Bæta merkingar.
19	A	Tannastaðir	35	Já	Útsýni, víðsýnt	Endurbætur á núverandi stað, áningarstaður.
20	D	Sumarbústaður í Ingólfsfjalli	35	Nei	Sumarbústaður, stórgryti í hlíð	Engar.
21	D	Kotstrandarkirkja	1	Nei	Kirkja, jólaljós	Engar.
22	B	Kambabrún	1	Já	Útsýni	Endurbætur á núverandi stað, áningarstaður og/eða möguleg tilfærsla.
23	D	Svínahraun	1	Nei	Hraun	Afmá.
24	C	Við slysaskilti	1	Nei	Hraun, norðurljós	Norðurljósaplan (nýr staður).



4.1 Leirvogsvatn



Leirvogsvatn

Vegnúmer:	36
Stöðvarnúmer:	4.400
Flokkun:	Engin
Umferðaröryggi:	Ekki gott
Aðbúnaður:	Enginn
Aðdráttarafli:	Norðurljós, stöðuvatn, víðerni
Tillögur til úrbóta:	Engar

Mynd 4.1 Vegslóði við Leirvogsvatn út frá Þingvallavegi (36). (map.is)



Mynd 4.2 Vegslóði við Leirvogsvatn. Hér stöðva ferðamenn til að taka myndir á leið sinni austur í átt að Þingvöllum. Esja og Móskaðshnjúkar í baksýn.

Leirvogsvatn í Mosfellsbæ er rúmlega 20 km austan við Reykjavík. Malarslóði liggur af Þingvallavegi (36) að vatninu. Talsvert er um að ferðamenn stöðvi á þessum vegslóða til að taka myndir. Það sem dregur að virðist vera fyrsta upplifun af víðerni þegar þéttbýli sleppur sem og staður þar sem hægt er að sjá norðurljós án truflunar af lýsingu frá borginni. Ein tilgátan er að ferðamenn á bílaleigubílum séu þarna á fyrsta degi ferðalagsins og þetta sé í raun allra fyrsta stöpp í óspilltri náttúru. Falleg sýn er til fjalla í góðu veðri og má þar sjá m.a. Esju, Móskaðshnjúka og Skálafell.

Staðurinn er ekki merktur sem slíkur og hætta á að ökumenn snögghemli til að fara inn á slóðann en ekki er hægt að sjá á slysakorti Samgöngustofu að óhöpp á þessum kafla tengist þessum stað (Samgöngustofa, 2022). Aðkoma að austan er verri þar sem beygt er í veg fyrir umferð og þaðan tekin kröpp beygja til að komast inn á slóðann. Mögulega myndi draga úr ásókn í þennan stað með því að bæta merkingar sem vísa á betri stað austar t.d. Stóralandstjórn (kafla 4.3) sem er tæplega 8 km frá Leirvogsvatni. Af þeim sökum eru ekki lagðar fram tillögur að úrbótum fyrir þennan stað.



4.2 Kjósarskarðsvegur



Kjósarskarðsvegur

Vegnúmer:	36
Stöðvarnúmer:	4.900
Vegnumer:	48
Stöðvarnúmer:	4.700
Flokkun:	Engin
Umferðaröryggi:	Slæmt
Aðbúnaður:	Enginn
Aðdráttarafi:	Norðurljós
Tillögur til úrbóta:	Stórt myndastopp/ plan til norðurljósa-skoðunar

Mynd 4.3 Tveir staðir við vegamót Þingvallavegar (36) og Kjósarskarðsvegar (48) þar sem ferðamenn stoppa til að skoða norðurljós



Mynd 4.4 Við vegamót Þingvallavegar og Kjósarskarðsvegar er hjárein þar sem ferðamenn eru gjarnir á að stöðva til að skoða norðurljós og skapa mikla hættu fyrir aðra ökumenn sem ætla að nota hjáreinina á réttan hátt.



Mynd 4.5 Malarplan við Kjósarskarðsveg (48) sem nýtt er til norðurljósaskoðunar.

Við vegamót Þingvallavegar (36) og Kjósarskarðsvegar (48) er hjárein sem ferðamenn nýta til að leggja bílum og skoða norðurljós. Þegar þarna er komið eru áhrif lýsingar frá borginni hverfandi og því getur norðurljósasýn verið góð. Hjáreinin er ekki ætluð til þess að leggja bílum og geta hættulegar aðstæður skapast ef bílar stöðva skyndilega. Sökum hjarðhegðunar ferðamanna er hætt á að ef einn bíll stöðvi fylgi fleiri í kjölfarið.

Nokkru norðar, við Kjósarskarðsveg, er malarplan sem nýtt hefur verið til norðurljósaskoðunar. Planið er holótt og ómerkt. Þar er engin lýsing sem er hættulegt vegna ógreinilegrar afmörkunar plans í landi. Ekki er hægt að sjá á slysakorti Samgöngustofu að óhöpp á þessum kafla tengist þessum stað (Samgöngustofa, 2022).

Miðað við frásagnir viðmælenda er talsverð eftirspurn eftir stað þar sem leggja má fólkshífreiðum og rútum á öruggan máta til að skoða norðurljós.

Tillögur að úrbótum: Á þessum stað eru myrkurgæði ágæt og staðsetning til norðurljósaskoðunar góð. Því er mælt með að útbúið verði vel merkt, stærra plan á sama/svipuðum stað og núverandi malarplan er, með bundnu yfirborði og afmörkuðum bílastæðum fyrir bæði fólkshífur og rútur. Lykilatriði er að slíkt plan yrði rutt á veturna.

4.3 Stóralandstjörn



Mynd 4.6 Útskot við Þingvallaveg séð úr lofti (map.is)

Stóralandstjörn

Vegnúmer:	36
Stöðvarnúmer:	4.000
Flokkun:	Útskot
Umferðaröryggi:	Ekki gott
Aðbúnaður:	Enginn
Aðdráttarafli:	Tjörn, mói
Tillögur til úrbóta:	Lítið myndastopp



Mynd 4.7 Aðkoma að útskoti við Stóralandstjörn þegar ekið er úr vestri. Þingvallavegur vinstra megin á myndinni.

Um einum km austan við vegamót Kjósarskarðsvegur og Þingvallavegar er útskot Vegagerðarinnar við Þingvallaveg, kennt við Stóralandstjörn, og er það innan sveitarfélagsins Bláskógabyggðar. Útskotið er með tveimur tengingum við Þingvallaveg og er holótt, fremur illa farið malarplan. Aðkoma frá Þjóðvegi er þröng og hallar vegslóðinn niður að planinu. Útskotið er merkt með P skilti 200 m áður en komið er að því. Samkvæmt viðmælendum er vinsælt að stöðva hér til myndatöku og fara út á frosna tjörnina að vetrum.

Ekki er hægt að sjá á slysakorti Samgöngustofu að óhöpp á þessum kafla tengist þessum stað að undanskildu einu atviki þar sem ekið er aftan á bíl sem snögghemlar (Samgöngustofa, 2022).

Stóralandstjörn er að hluta til innan verndarsvæðis vatnasvæðis Þingvallavatns og á hverfisverndarsvæði samkvæmt aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027, HV1 Selás, Stórisbyggirnir. „Svæðið tekur til hlíða og fjallendis sem mynda umgjörð um Þjóðgarðinn og vatnið að vestan. Áhersla á verndun náttúrulegrar ásýndar svæðisins og að lágmarka áhrif byggðar og mannvirkja“ (Bláskógabyggð, 2018) bls. 56.

Tillögur að úrbótum: Lagt er til að setja hér lítið myndastopp skv. hönnunartillögu þessa verkefnis. Hér mætti einnig hugsa sér að setja upplýsingaskilti um það hvað er í vændum á þessari vinsælu ferðamannaleið, s.s. næsti áningarstaður með góðu útsýni.



4.4 Vilborgarkelda



Vilborgarkelda

Vegnúmer:	36
Stöðvarnúmer:	850
Flokkun:	Áningarstaður
Umferðaröryggi:	Slæmt
Aðbúnaður:	Bekkir, borð, upplýsingaskilti um Þingvelli
Aðdráttarafli:	Útsýni yfir Þingvallavatn
Tillögur til úrbóta:	Stórt myndastopp

Mynd 4.8 Áningarstaður við Þingvallaveg, Vilborgarkelda séð úr lofti (map.is)



Mynd 4.9 Ferðamenn á áningarstað við Vilborgarkeldu, útsýni yfir Þingvallavatn.

Áningarstaður Vegagerðarinnar á Þingvallavegi sem kenndur er við Vilborgarkeldu er um þrjá km austan við útskot við Stóralandstjörn. Mjög gott útsýni er frá áningarstaðnum yfir Þingvallavatn og mjög vinsælt að stöðva þarna. Aðkoma að áningarstaðnum getur verið hættuleg þar sem kröpp beygja er beint út af þjóðveginum, einkum þegar bílar eru fyrir aftan þann sem ætlar að beygja. Heldur blint er fyrir umferð sem kemur að vestan þegar ekið er út af planinu aftur sem er á blindhæð. Staðsetningin er því slæm umferðaröryggislega séð. Samkvæmt slysaskráningarkorti Samgöngustofu hefur orðið alvarlegt slys þarna þegar ekið var aftan á bíl sem snögghemlaði (Samgöngustofa, 2022). Staðurinn er merktur með skilti 200 m áður en komið er að honum.

Bílastæðið er lagt bundnu efni en utan þess, s.s. þar sem bekkir og borð eru, er malarborið og verður að forarsvaði í rigningu. Upplýsingaskilti er á staðnum en þarfnast yfirhalingar.

Samkvæmt viðmælendum er þetta besti staðurinn til að njóta útsýnis yfir Þingvallavatn og sá staður sem er hvað vinsælastur á leggnum Reykjavík-Þingvellir.



Áningarstaðurinn er innan verndarsvæðis vatnasvæðis Þingvallavatns og á hverfisverndarsvæði samkvæmt aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027, HV1 Selás, Stóriskeygnir (sjá umfjöllun um 3. Stóralandstjörn).

Tillögur að úrbótum: Þennan stað má bæta verulega miðað við ástand og vinsældir. Lagt er til að hér verði komið fyrir áningarstað skv. hönnunartillögu. Með því má hægja á ferð ferðamanna á leið austur að Þingvöllum og því dreifa álaginu. Merkja mætti staðinn betur, og fyrr, þannig að ferðamenn geti fyrr tekið ákvörðun um að koma þarna við og dregið úr hraða þegar nær dregur. Allar fyrirætlanir um uppbyggingu yrði að taka í samráði við landeigenda.

4.5 Skálabrekka



Skálabrekka

Vegnúmer:	36
Stöðvarnúmer:	7.760
Flokkun:	Engin
Umferðaröryggi:	Ekki gott
Aðbúnaður:	Bekkur og borð
Aðdráttarafli:	Útsýni yfir Þingvallavatn
Tillögur til úrbóta:	Afmá eða bæta

Mynd 4.10 Malarplan við mót Þingvallavegar (vinstra megin) og Skálabrekkugötu þar sem ferðamenn stöðva til að taka myndir (map.is).



Mynd 4.11 Áningarstaður við Skálabrekku.

Tæplega fjórum km austan Vilborgarkeldu er Skálabrekkugata. Þar er nokkurs konar plan þar sem hægt er að stoppa og virða fyrir sér útsýni yfir Þingvallavatn. Yfirborð plansins er ójafnt, malarborið og verður að forarsvaði í rigningu sem gerir óvönnum ökumönnum erfitt um vik (mynd 4-14). Á staðnum er borð og bekkir og þrjú bannskilti sem leggja bann við því að fólk tjaldi. Ekkert skilti er á veginum sem vísar á þennan áningarstað og því taka ferðamenn gjarnan skyndilega ákvörðun um að stöðva þarna, sérstaklega ef aðrir bílar eru þarna fyrir. Ekki er þó hægt að sjá á slysakorti Samgöngustofu að óhöpp á þessum kafla tengist þessum stað (Samgöngustofa, 2022). Staðurinn er nokkuð vel sóttur enda útsýni yfir Þingvallavatn



mjög gott. Staðurinn er á einkalandi og samkvæmt viðmælendum eru landeigendur ekki sáttir við þessa umferð og ekki líklegt að þeir kæri sig um stækkun eða formlegan áningarstað. Með betri áningarstað og bættum merkingum við Vilborgarkeldu gæti mögulega dregið úr ásókn í planið við Skálabrekkugötu.

Áningarstaðurinn er innan verndarsvæðis vatnasvæðis Þingvallavatns og á hverfisverndarsvæði samkvæmt aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027, HV1 Selás, Stóriskyggjur (sjá umfjöllun um 3. Stóralandstjórn).

Tillögur að úrbótum: Ef ekki er áhugi á því að bæta þennan stað og taka við þeirri umferð sem í hann sækir væri rétt að loka svæðinu og vísa á betri stað eins og Vilborgarkeldu eða Hakið innan þjóðgarðs. Hægt væri að þökuleggja staðinn og fjarlægja bekki og borð, en fyrst og fremst er nauðsynlegt að taka ákvörðun um tilgang og framtíð þessa áningarstaðar.

4.6 Hrafnagjá



Hrafnagjá

Vegnúmer:	36
Stöðvarnúmer:	2.770
Flokkun:	Áningarstaður
Umferðaröryggi:	Gott
Aðbúnaður:	Bekkir og borð, útsýnispallar
Aðdráttarafli:	Útsýni yfir þjóðgarðinn
Tillögur til úrbóta:	Vísa fyrir á staðinn

Mynd 4.12 Áningarstaður við Hrafnagjá séð úr lofti (ja.is)



Mynd 4.13 Áningarstaður við Hrafnagjá séð úr vestri. Þingvallavegur liggur meðfram áningarstaðnum vinstra megin.



Mynd 4.14 Áningarstaðurinn við Hrafnagjá er vel útfærður með útsýnispalli, bekkjum og borðum.

Áningarstaðurinn við Hrafnagjá er innan Þingvallabjörggarðs. Almennt er ekki fjallað um áningarstaði innan björggarðs í þessari greinargerð þar sem þeir eru á forræði björggarðsins en þar sem þessi þykir sérlega vel heppnaður er ekki úr vegi að gera grein fyrir honum.

Skilti sem vísar á athyglisverðan stað er 200 m áður en komið er að áningarstaðnum að vestan. Norðan við áningarstaðinn er blindhæð sem veldur truflun á inn- og útakstri á svæðinu. Engin skráð óhöpp eru þó tengd þessum áningarstað (Samgöngustofa, 2022). Inn- og útakstur er aðskilinn á áningarstaðnum, bílastæði fyrir rútur og fólksbíla eru vel afmörkuð og allt vel frágengið. Aðgengi fyrir alla er mjög gott. Áningarstaðurinn sem er vel sóttur er búinn bekkjum og borðum, miklum náttúrulegum gróðri og útsýnispalli.

Tillögur að úrbótum: Vísa á staðinn fyrr en í 200 m fjarlægð.

4.7 Lyngdalsheiði vestur



Lyngdalsheiði vestur

Vegnúmer:	365
Stöðvarnúmer:	10.480
Flokkun:	Áningarstaður
Umferðaröryggi:	Gott
Aðbúnaður:	Bekkir og borð
Aðdráttarafl:	Útsýni yfir Þingvallavatn, fjallasýn
Tillögur til úrbóta:	Viðhald og skilti

Mynd 4.15 Áningarstaður á vestanverðri Lyngdalsheiði, við Lyngdalsheiðarveg (map.is)



Mynd 4.16 Áningarstaðurinn á vestanverðri Lyngdalsheiði.

Rúmlega 10 km austan við Hrafnagjá er áningarstaður Vegagerðarinnar við Lyngdalsheiðarveg (365), innan Grímsnes- og Grafningshrepps. Staðurinn er vel sóttur enda fallett útsýni til allra átta, þar á meðal yfir Þingvallavatn. Áningarstaðurinn er einnig vinsæll upphafsstaður vélsleðaferða á vetrum. Staðurinn er aðeins farinn að láta á sjá, s.s. hellulögn, langbanda-girðingar og grjóthleðsla. Á staðnum eru bekkir og borð og grjóthleðsla sem ferðamenn virðast sækja í að standa uppá. Stæði eru afmörkuð fyrir fólksbíla sem og rútur. Mikilvægt er að búa svo um á svona stað að snjóruðningstæki geti rutt staðinn án þess að eiga á hættu á að valda skemmdum. Í miðju plansins er dæld sem veitist snjóruðningstækjum erfið. Tenging við Lyngdalsheiðarveg er fín með góðri vegsýn. Engin skráð óhöpp eru tengd þessum áningarstað (Samgöngustofa, 2022)

Tillögur að úrbótum: Hér væri upplagt að vera með upplýsingaskilti sem segir hvað fyrir augu ber sem og fróðleik t.d. um Biskupagötur sem liggja þarna í næsta nágrenni. Staðurinn þarfnast betra viðhalds.



Mynd 4.17 Dæld í miðju áningarstaðar getur veist snjóruðningstækjum erfið.

4.8 Beitivellir

Þegar komið er austur að Litla Reyðarbarmi opnast mikilfengleg fjallasýn frá Lyngdalsheiðarvegi þar sem Kálfstinda ber við himin (mynd 4.19). Norðan vegarins er mikið sléttlendi sem er að hluta til hraun og að hluta til votlendi þar sem tjarnir og vötn myndast á ákveðnum árstímum. Falleg endurspeglun í vötnunum er vinsæl til myndatöku en ekki er rými til að stöðva bíl á þessum stað og því er hér lagt til að koma fyrir myndastoppi norðan



vegarins. Staðsetning er ekki fastmótuð en er um þrjá km austan síðasta áningarstaðar (7. Lyngdalsheiði vestur) og um 1,5 km vestan við afleggjara vegar að Laugarvatnsvöllum, á milli stöðva 7.200 og 7.700 á vegi nr. 365.

Hafa ber í huga að samvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 ber að forðast að raska eldhrauni nema brýna nauðsyn beri til og þarf að taka tillit til þess við útfærslu þessa áningarstaðar.

Áningarstaðurinn gæti lent inn á hverfisvernd HV7 samkvæmt aðalskipulagi Bláskógabyggðar. “ Svæðið nær yfir Laugardalsvelli, Beitivelli og Laugarvatnshella. Mikilvægt vegna náttúrufars, fornminja og menningarsögulegs gildis. Áhersla er á að lágmarka áhrif mannvirkja.” (Bláskógabyggð, 2018) bls. 57.



Mynd 4.18 Tillaga að staðsetningu nýs áningarstaðar (rauður hringur) nærri Beitivöllum (ja.is).



Mynd 4.19 Útsýni yfir tillögu að áningarstað nærri Beitivöllum (google maps). Kálfstindar í baksýn.



4.9 Lyngdalsheiði miðsvæði



Lyngdalsheiði miðsvæði

Vegnúmer:	365
Stöðvarnúmer:	2.820
Flokkun:	Engin
Umferðaröryggi:	Ekki gott
Aðbúnaður:	Enginn
Aðdráttarafli:	Útsýni yfir Laugarvatn
Tillögur til úrbóta:	Engar

Mynd 4.20 Afleggjari að námu er nýttur af ferðamönnum til að stöðva og taka myndir (map.is).



Mynd 4.21 Vegslóði að námu er nýttur fyrir ferðamenn til að taka myndir af útsýni yfir Laugarvatn.

Um 3 km austan við afleggjarann að Laugarvatnsvöllum er slóði sem liggur að námu. Þessi staður er hér nefndur Lyngdalsheiði miðsvæði til aðgreiningar frá öðrum áningarstöðum á heiðinni. Samkvæmt viðmælendum er nokkuð um að ferðamenn stoppi þarna til að taka mynd af útsýni til Laugarvatns. Líklega er þeim ekki kunnugt um áningarstaðinn sem er þar um 700 m austar enda sá staður ekki gefinn til kynna fyrr en 500 m seinna. Með betri merkingum fyrir skipulagðan áningarstað mætti draga úr vinsældum þessa námuslóða þó hann verði líklega notaður svo lengi sem hann er aðgengilegur. Engin skráð óhöpp eru tengd þessum áningarstað (Samgöngustofa, 2022).



4.10 Lyngdalsheiði austur



Lyngdalsheiði austur

Vegnúmer:	365
Stöðvarnúmer:	2.100
Flokkun:	Áningarstaður
Umferðaröryggi:	Gott
Aðbúnaður:	Bekkir, borð, upplýsingaskilti um eldvirkni
Aðdráttarafli:	Útsýni yfir Laugarvatn
Tillögur til úrbóta:	Bæta merkingar

Mynd 4.22 Áningarstaður Vegagerðarinnar á austanverðri Lyngdalsheiði (map.is)



Mynd 4.23 Áningarstaður Vegagerðarinnar á austanverðri Lyngdalsheiði, horft til vesturs.



Mynd 4.24 Snyrtileg aðstaða á áningarstað á austanverðri Lyngdalsheiði þar sem fallett útsýni er yfir Laugarvatn og nærsveitir.



Áningarstaðurinn er snyrtilegur, vel frá genginn og í alla staði vel heppnaður. Ástand hellulagna mætti vera betra en viðhald á hellulögnum getur verið erfitt á slíkum stað. Eins og fram kemur í kaflanum hér á undan er staðurinn gefinn til kynna með skilti um 200 m áður en komið er að honum. Á staðnum er upplýsingaskilti um eldvirkni, bekkir og borð, og vel afmörkuð stæði fyrir fólksbíla og rútur. Viðmælendur voru mjög ánægðir með þennan áningarstað og hann er vinsæll.

Tenging við Lyngdalsheiðarveg er fín og vegsýn góð. Engin skráð óhöpp eru tengd þessum áningarstað (Samgöngustofa, 2022).

Tillögur að úrbótum: Bæta merkingar að vestanverðu, setja skiltið jafnvel vestan við afleggjara að námu.

4.11 Miðdalskirkja



Miðdalskirkja

Vegnúmer:	37
Stöðvarnúmer:	4.680
Flokkun:	Engin
Umferðaröryggi:	Slæmt
Aðbúnaður:	Enginn
Aðdráttarafli:	Falleg kirkja
Tillögur til úrbóta:	Engar

Mynd 4.25 Miðdalskirkja austan við Laugarvatn (nat.is)



Mynd 4.26 Lítið útskot sem notað er til að stoppa og taka mynd í átt að bæjarstæði og kirkju.

Miðdalskirkja er gömul timburkirkja sem fangar athygli ferðamanna sem leggja í vegkanti eða við vegslóða sem liggur inn á tún til að taka myndir. Kirkjan er ekki áberandi og sést bara frá ákveðnum sjónarhornum vegna skógræktar og ekki er ljóst hversu vinsæl hún er til myndatöku en samkvæmt viðmælendum er eitthvað um að ferðamenn stoppi hér. Að svo stöddu eru ekki lagðar til úrbætur á þessum myndatökustað.

Engin skráð óhöpp eru tengd þessum áningarstað (Samgöngustofa, 2022)



4.12 Brúará



Brúará

Vegnúmer:	37
Stöðvarnúmer:	13.000
Flokkun:	Engin
Umferðaröryggi:	Slæmt
Aðbúnaður:	Enginn
Aðdráttarafli:	Gönguleið að Brúarfossi. Fallegt vatnsfall
Tillögur til úrbóta:	Úrbætur eru í ferli hjá landeigendum

Mynd 4.27 Bílastæði við gönguleið að Brúarfossi (map.is). Þegar bílastæði fyllist leggja ferðamenn einnig sunnan vegar.



Mynd 4.28 Upphaf gönguleiðar að Brúarfossi.




Mynd 4.29 Bílastæði við gönguleið að Brúarfossi. Í fjarska sést aðkoma að bílastæðinu.



Brúarfoss í Biskupstungum hefur notið gífurlegra vinsælda hjá ferðamönnum á undanföllum árum sem leggja á sig 7 km langa göngu til að komast að fossinum og til baka. Austan við brúna yfir Brúará við Laugarvatnsveg (37) hefur verið útbúið malarplan við upphaf gönguleiðarinnar að fossinum. Malarplanið var útbúið af landeigendum sem svar við mikilli ásókn í að komast að fossinum þegar lokað var fyrir óviðkomandi umferð um sumarhúsabyggð, þaðan sem stutt var að ganga að fossinum. Af sama tilefni lögðu landeigendur göngustíg að fossinum til að stýra umferð gangandi. Núverandi bílastæði er því ekki sérstaklega hannað með umferðaröryggi í huga en kröpp beygja er af þjóðveginum og niður á planið. Blint er fyrir umferð þegar ekið er upp á þjóðveginn aftur, bæði vegna hæðarmismunar og vegna þess að vegrið á brúnni byrgir sýn. Ekkert skilti segir til um staðinn áður en komið er að honum. Fá óhöpp hafa verið skráð sem gætu tengst þessum áningarstað (Samgöngustofa, 2022) en hann er fremur nýlegur.

Enginn aðbúnaður er á staðnum utan upplýsingaskiltis um gönguleið sem staðsett er innst á stæðinu. Engin bílastæði eru afmörkuð á planinu. Þessi staður er verulega vinsæll og leggja ferðamenn einnig sunnan við veg á vegslóða sem þar er, ef planið er yfirfullt.

Til að mæta betur þessari miklu ásókn hafa landeigendur hafið byggingu vegar sem liggur vestan Brúarár og mun enda um 300 m frá fossinum (Mynd 4.30). Gert er ráð fyrir afmörkuðu bílaplani og þjónustu við enda vegarins en endanleg hönnun og skipulag liggur ekki fyrir þegar þetta er skrifað. Stefnt er að því að opna veginn fyrir bílaumferð á næstu mánuðum.



Mynd 4.30 Fyrirhugaður vegur og bílastæði við Brúarfoss (Rúnar Gunnarsson, 2023).

Tillögur að úrbótum: Engar, eru í ferli hjá landeigendum.



4.13 Brú yfir Tungufljót



Brú yfir Tungufljót

Vegnúmer:	35
Stöðvarnúmer:	7.060
Flokkun:	Engin
Umferðaröryggi:	Slæmt
Aðbúnaður:	Enginn
Aðdráttarafli:	Vatnsmikið fljót, flúðir
Tillögur til úrbóta:	Engar

Mynd 4.31 Brúin yfir Tungufljót á Biskupstungnabraut (35) þar sem ferðamenn stöðva til að taka myndir (map.is)

Tæpum tveimur kílómetrum austan við Geysi liggur Biskupstungnabraut á brú yfir Tungufljót. Samkvæmt viðmælendum er nokkuð um að ferðamenn stöðvi á eða við brúna, enda fallegar flúðir í fljótinu sem blasa við. Það skapar óneitanlega slyshættu að stöðva bíl á miðri brú eða í vegkanti, og eru tvö alvarleg slys skráð á slysakort Samgöngustofu á eða við brúna (Samgöngustofa, 2022). En þar sem það er á áætlun að færa Biskupstungnabraut á þessum kafla sunnar í landið eru ekki lagðar fram neinar tillögur til úrbóta hér. Samkvæmt aðalskipulagi Bláskógabyggðar kemur vegurinn til með að liggja sunnan Geysis (Mynd 4.32) rétt austan við bæinn Brú og þar með dregur úr umferð um núverandi brú með tilheyrandi stoppum. Hins vegar verður þá að gæta að því við byggingu brúar á nýjum vegi, hvort þar skapist áhugaverðir staðir til myndatöku við ána.



Mynd 4.32 Úr aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Tilfærsla vegar framhjá Geysi.

4.14 Brú



Brú

Vegnúmer:	35
Stöðvarnúmer:	7.800
Flokkun:	Engin
Umferðaröryggi:	Ekki gott
Aðbúnaður:	Sala á hrossafóðri
Aðdráttarafli:	Hross
Tillögur til úrbóta:	Engar

Mynd 4.33 Áningarstaður við bæinn Brú (map.is). Biskupstungnabraut (35) í forgrunni.



Mynd 4.34 Áningarstaður við Brú. Sjálfssali með hrossafóður í forgrunni.



Mynd 4.35 Hópur ferðamanna að heimsækja hrossin á áningarstaðnum við bæinn Brú.

Það er vel þekkt að þar sem hross sjást í haga stöðva ferðamenn til að taka af þeim mynd og jafnvel fóðra þau á ýmsu misgóðu. Á bænum Brú hefur landeigandi tekið til þess ráðs að útbúa bílaplan og aðstöðu fyrir ferðamenn til að hitta hross og gefa þeim fóðurköggla sem eru til sölu á staðnum. Bílaplanið er rúmgott og á staðnum eru hross í girðingu sem hægt er að ganga alveg upp að. Þessi staður er mjög vinsæll og lýstu allir viðmælendur ánægju sinni með hann.

Tvær innkeyrslur eru að planinu og getur vafist fyrir fólki hvora leiðina á að velja. Tiltölulega kröpp beygja er af þjóðveginum inn á bílaplanið og er eitt alvarlegt slys skráð þar sem árekstur varð við að beygja inn á planið (Samgöngustofa, 2022).

Á kaflanum frá Geysi að Gullfossi er mikið um að ferðamenn stöðvi í vegkanti til að taka mynd af hrossum. Ekki eru lagðar til neinar úrbætur varðandi það þar sem misjafnt er hvar hrossin eru staðsett hverju sinni og árstíð og veður geta líka spilað inn í.



4.15 Gýgjarhóll



Mynd 4.36 Tillaga að staðsetningu áningarstaðar á Skeiða- og Hrunamannavegi (30) þar sem mikil fjallasýn er.



Mynd 4.37 Útsýni frá tillögu að áningarstað með útsýni til Jarlhettna og Langjökul.

Um 1,5 km sunnan vegamóta Biskupstungnabrautar (35) og Skeiða- og Hrunamannavegar (30) liggur síðarnefndi vegurinn um svolitla hæð þaðan sem útsýni er til allra átta, u.þ.b. við stöð 2.700 á veginum (mynd 4.37). Sérlega áhrifamikið útsýni er til fjalla á góðum degi. Þar blasa m.a. við Jarlhettur með Langjökul í bakgrunni. Þessi vegur var nýlega lagður bundnu slitlagi og samkvæmt viðmælendum hjá Vegagerðinni er líklegt að umferð um hann komi til með að aukast. Hér er því lagt til lítið myndastopp skv. hönnunartillögu á þeim stað þar sem vegurinn stendur hvað hæst þar sem hægt er að njóta útsýnis í 360° (Mynd 4.36). Landið er í einkaeigu og þyrftu því öll áform um byggingu áningarstaðar að vera í samráði við viðkomandi.



4.16 Brúarhlöð



Brúarhlöð

Vegnúmer:	30
Stöðvarnúmer:	6.740
Flokkun:	Engin
Umferðaröryggi:	Ekki gott
Aðbúnaður:	Bekkir, borð og upplýsingaskilti
Aðdráttarafli:	Landslag, vatnsmikil á
Tillögur til úrbóta:	Bæta yfirborð og merkingar

Mynd 4.38 Áningarstaður við Brúarhlöð. Vegur nr. 30 og brú yfir Hvítá efst vinstra megin á myndinni.



Mynd 4.39 Áningarstaður við Brúarhlöð.



Mynd 4.40 Kyrrstæð rúta frá innlendu ferðaþjónustufyrirtæki í vegkanti við brúna við Brúarhlöð og ferðamenn við myndatökur á brúnni.



Mynd 4.41 Útsýni af brúnni þar sem áin rennur um Brúarhlöð.

Hvítá í Árnessýslu rennur um falleg gljúfur sem nefnast Brúarhlöð. Brúarhlöð eru nr. 736 á C-hluta náttúruminjaskrár þar sem segir: „Brúarhlöð, Hrunamannahreppi, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu. (1) Árgljúfur Hvítár frá Brúarhlöðum upp að Ármótum (Hvítá og Fossá), ásamt 200 m belti beggja vegna árinna. (2) Tilkomumikið gljúfur með kjarri- og skógivöxnum bökkum.“ (Umhverfisstofnun, 2022).

Vegur nr. 30 liggur yfir Hvítá á brú sem liggur á mörkum Bláskógabyggðar og Hrunamannahrepps. Austan megin við brúna er áningarstaður með stóru malarplani en talsvert er um að fólk stoppi á og við brúna til að taka myndir enda má segja að áin í gljúfrinu birtist fólki skyndilega þegar komið er úr krappri beygju vegarins að austan. Engar merkingar eru við veginn um að framundan sé áningarstaður, hvorki að austan né vestan, og þar sem hann er staðsettur í beygjunni er auðvelt að láta hann framhjá sér fara. Stórt rúmgott plan er austan árinna en yfirborð er holótt og stórir steinar standa upp úr. Bekkir og borð eru nokkru neðan við malarplanið.

Aðkoma að áningarstaðnum er erfið, í beygju og vegsýn ekki góð. Eitt óhapp er skráð þar sem ekið var út af í beygjunni (Samgöngustofa, 2022).

Við gerð þessarar greinargerðar var því velt upp hvort áningarstaður við Brúarhlöð væri ef til vill betur staðsettur vestan árinna þar sem aðkoma frá vegi væri betri. Fallið var frá þeim vangaveltum vegna þeirrar vinnu sem hefur verið lögð í skipulag núverandi áningarstaðar. Unnið hefur verið deiliskipulag yfir áningarstaðinn þar sem gert er ráð fyrir afmörkuðum bíla- og rústæðum og gönguleiðum en ekki liggur fyrir hvort eða hvenær framkvæmdir eru áætlaðar. Tillögur að úrbótum eru því ekki lagðar hér fram en bent á mikilvægi þess að vísa vel á staðinn með vel staðsettum skiltum og að við endanlega hönnun svæðis sé hugað að aðgengi fyrir alla.



4.17 Brúará við Spóastaði



Brúará við Spóastaði

Vegnúmer:	35
Stöðvarnúmer:	8.520
Flokkun:	Áningarstaður
Umferðaröryggi:	Gott
Aðbúnaður:	Bekkir, borð, skilti
Aðdráttarafli:	Brúará
Tillögur til úrbóta:	Bæta yfirborð og merkingar fyrir stæði

Mynd 4.42 Áningarstaður við Brúará, gegnt Spóastöðum.



Mynd 4.43 Áningarstaður við Brúará gegnt Spóastöðum.

Áningarstaður Vegagerðarinnar er við Brúará, gegnt Spóastöðum. Þar er malarplan með bekkjum og borðum á grasflöt. Upplýsingaskilti með korti og upplýsingum um helstu staði á Suðurlandi er við planið og veiðislóði liggur niður að ánni. Planið er ekki vel afmarkað og engin afmörkun fyrir bílastæði á planinu. Mætti merkja betur áður en komið er að staðnum, en aðeins er um að ræða i-merki gegnt planinu. Að sögn viðmælenda er heilmikið stoppað beggja megin ár og er það tærleiki Brúarár sem dregur að, sérstaklega á vetrum. Þessi áningarstaður mætir þó ekki þeirri þörf þar sem hann stendur nokkuð fjarri ánni.

Aðkoma að áningarstaðnum frá Biskupstungnabraut er ágæt og engin óhöpp skráð sem tengjast staðnum (Samgöngustofa, 2022).

Tillögur að úrbótum: Bæta yfirborð og merkingar/afmörkun fyrir stæði.



4.18 Snæfoksstaðir



Snæfoksstaðir

Vegnúmer:	35
Stöðvarnúmer:	1.990
Flokkun:	Opinn skógur
Umferðaröryggi:	Ekki gott
Aðbúnaður:	Bekkir, borð, upplýsingaskilti
Aðdráttarafli:	Skógur, næði
Tillögur til úrbóta:	Merkingar

Mynd 4.44 Áningarstaður að Snæfoksstöðum (map.is)



Mynd 4.45 Áningarstaður að Snæfoksstöðum er í umsjón Skógræktarfélags Árnesinga (Skógræktarfélag Íslands, 2022).

Rúma 2 km suðvestan við Kerið er fallegur áningarstaður við Kolgrafarhól á Snæfoksstöðum. Staðurinn er flokkaður sem opinn skógur í skrá Vegagerðarinnar yfir áningarstaði. Hann var gerður af Vegagerðinni en er í umsjón Skógræktarfélags Árnesinga. Ekið er af Biskupstungnabraut, um 70 m inn í skóginn þar sem við tekur skjólsæll áningarstaður með bílastæðum, bekkjum og borðum á hellulögðu yfirborði, upplýsingaskilti og tengingu við gönguleiðir.

Bílastæði eru ekki afmörkuð en rými er fyrir nokkra bíla og minni rútur. Skilti sem vísar á áhugaverðan stað er 500 m áður en komið er að staðnum. Þar sem allt umhverfið er skógi vaxið getur verið örðugt að koma auga á afleggjarann að áningarstaðnum sem eykur líkur á að ökumenn snögghemli eða aki of hægt við leit að afleggjaranum. Afleggjarinn liggur aðeins neðar en þjóðvegurinn og því er sýn á umferð takmörkuð.

Tvö óhöpp eru skráð þar sem ekið er aftan á bíl sem hemlar við innkeyrslu að áningarstað (Samgöngustofa, 2022).

Tillögur að úrbótum: Merkja, eða gera afleggjara greinilegri í umhverfinu.



4.19 Tannastaðir



Tannastaðir

Vegnúmer:	35
Stöðvarnúmer:	5.500-5.660
Flokkun:	Áningarstaður
Umferðaröryggi:	Slæmt
Aðbúnaður:	Bekkir, borð, upplýsingaskilti
Aðdráttarafli:	Útsýni, víðsýnt
Tillögur til úrbóta:	Stórt myndastopp

Mynd 4.46 Áningarstaður kenndur við Tannastaði við Biskupstungnabraut (map.is)



Mynd 4.47 Útsýni frá áningarstaðnum við Tannastaði. Horft yfir Sogið, Grímsnes og sveitir Suðurlands.



Mynd 4.48 Útsýnispallur við áningarstaðinn er orðinn lúinn og slyshætta ef gestir stíga fram af brún hans.



Rúmum kílómetra sunnan við Þrastarlund er áningarstaður sem í áningarstaðaskrá Vegagerðarinnar er kenndur við Tannastaði og stendur við Biskupstungnabraut. Af staðnum er gott útsýni yfir Sogið, Grímsnes og sveitir Suðurlands og er hann nokkuð vinsæll af ferðamönnum. Gott rými er fyrir rútur og einkabíla, en stæðin eru ekki afmörkuð. Bekkir, borð og upplýsingaskilti eru á útsýnispalli úr timbri. Óvarin brún útsýnispallsins skapar nokkra slyshættu þar sem auðvelt er að stíga fram af honum (Mynd 4.48). Allir innviðir áningarstaðarins eru orðnir mjög lúnir og þarfnast viðhalds.

Umferð um Biskupstungnabraut á þessum stað er talsvert hröð. Áningarstaðurinn liggur neðar í landi en vegurinn og er blint fyrir umferð þegar ekið er aftur upp á veginn frá áningarstaðnum. Áningarstaðurinn er tengdur með tveimur stútum (inn-/útkeyrslum) en skilti sem vísar á staðinn (i-merki) er staðsett á milli þeirra tveggja og því ekki ljóst hvoru megin aka skal inn á staðinn. Engin óhöpp sem tengjast staðnum hafa verið skráð (Samgöngustofa, 2022).

Tillögur að úrbótum: Vegna þess hve vinsæll þessi áningarstaður er og að komið er að viðhaldi er lagt til að setja hér stórt myndastopp skv. hönnunartillögu. Við það tækifæri væri hægt að huga betur að sjónlengdum á Biskupstungnabraut sem og stýringu umferðar inn á staðinn.

Taka verður tillit til þess að áningarstaðurinn er innan svæðis nr. 747 á C-hluta náttúruminjaskrár „Alviðra og Sog, Ölfushreppi, Grafningshreppi, Grímsneshreppi, Árnessýslu. (1) Sog, með 200 metra spildu beggja vegna, frá ármótum Hvítár upp að Írafossvirkjun, ásamt Álftavatni öllu með eyjum, svo og mýrlendi vestan vatnsins. Þrastaskógur og allt land Alviðrustofnunar ásamt Öndverðarnesi I. (2) Fjölbreyttur gróður og fuglalíf.“ (Umhverfisstofnun, 2022).

4.20 Sumarbústaður í Ingólfsfjalli



Sumarbústaður í Ingólfsfjalli

Vegnúmer:	35
Stöðvarnúmer:	1.920
Flokkun:	Engin
Umferðaröryggi:	Slæmt
Aðbúnaður:	Enginn
Aðdráttarafli:	Sumarbústaður, stórgrýti í hlíð
Tillögur til úrbóta:	Engar

Mynd 4.49 Útskot við sumarbústað sem stendur inn á milli stórgrýtis í hlíðum Ingólfsfjalls (map.is).



Mynd 4.50 Útskot af Biskupstungnabraut neðan sumarhúss í Ingólfsfjalli. Bústaðurinn stendur inn á milli trjáanna (skjáskot af ja.is).

Um 3,5 km sunnan við áningarstaðinn að Tannastöðum er útskot af Biskupstungnabraut. Hér stoppa ferðamenn til að taka mynd af sumarbústað sem er falinn í stórgrýtisurð í Ingólfsfjalli en stórvaxnir hnullungar í hlíðinni eru líka myndefni. Bústaðurinn er reyndar hulinn sjónum að sumri til þar sem hann er umlukinn trjágróðri, en væntanlega greinilegri að vetri til. Umferð um Biskupstungnabraut er talsvert hröð þarna og varasamt að fara inn og út af þessu litla plani sem væntanlega hefur verið gert til að þjóna hagsmunum bústaðareigenda.

Tvö óhöpp eru skráð í nágrenni útskotsins þar sem bifreiðar aka út af veginum. Ekki er gott að segja til um hvort það er vegna þess að athyglin hafi verið á bústaðnum í grjótinu (Samgöngustofa, 2022). Staðurinn er skilgreindur sem svæði undir náttúruvá í Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 (Sveitarfélagið Ölfus, 2012).

Ekki er ljóst hversu vinsæll þessi staður er, og eru ekki lagðar til tillögur að úrbótum að þessu sinni.

4.21 Kotstrandarkirkja



Kotstrandarkirkja

Vegnúmer:	1
Stöðvarnúmer:	6.400
Flokkun:	Engin
Umferðaröryggi:	Slæmt
Aðbúnaður:	Enginn
Aðdráttarafl:	Kirkja, jólaljós
Tillögur til úrbóta:	Engar

Mynd 4.51 Kotstrandarkirkja (Þjóðkirkjan, 2022)



Mynd 4.52 Útsýni að Kotstrandarkirkju frá vegkanti Suðurlandsveggar sumarið 2022. Tvöföldun Suðurlandsveggar kemur til með að breyta þessum aðstæðum.



Mynd 4.53 Kotstrandarkirkja á aðventunni. Mynd: Lars Böhme, af Google.

Kotstrandarkirkja er á hægri hönd þegar ekið er frá Selfossi, og er í rúmlega 3 km fjarlægð frá Hveragerði. Kirkjan sést ágætlega frá Suðurlandsvegi og fangar athygli ferðamanna. Samkvæmt viðmælendum er ljósum prýddur kirkjugarðurinn á aðventu það sem vekur hvað mesta athygli.

Tvö óhöpp eru skráð á þeim stað þar sem sést vel til kirkjunnar þegar komið er úr suðri. Í báðum tilfellum var ekið aftan á bíl sem hafði stöðvað í vegkanti (Samgöngustofa, 2022). Með tvöföldun og breyttri legu Suðurlandsveggar breytist sjónarhorn á kirkjuna og eru því ekki lagðar fram tillögur að úrbótum fyrir þennan áningarstað.



4.22 Kambabrún



Kambabrún

Vegnúmer:	1
Stöðvarnúmer:	4.440
Flokkun:	Upplýsingaútskot
Umferðaröryggi:	Slæmt
Aðbúnaður:	Upplýsingaskilti, hringsjá
Aðdráttarafli:	Útsýni
Tillögur til úrbóta:	Stórt myndastopp möguleg tilfærsla til að koma því fyrir og auka umferðaröryggi

Mynd 4.54 Upplýsingaútskot í Kömbum á þjóðvegi 1 (map.is)



Mynd 4.55 Þröng aðkoma að upplýsingaútskoti í Kömbum.



Mynd 4.56 Útsýni af Kömbum.

Útsýni af Kambabrún, ofan Hveragerðis er mikilfenglegt. Þaðan er horft yfir Hveragerði og fjallendið þar fyrir ofan, yfir Ölfus og á góðum dögum sést til Vestmannaeyja og fjalla í austri. Svokallað upplýsingaútskot er staðsett í Kömbunum, sunnan vegar. Þar er nokkuð stórt bílapan með upplýsingaskilti og göngustígur sem leiðir að hringsjá. Staðurinn er mjög vinsæll hjá ferðamönnum sem eru á austurleið en hann er ekki aðgengilegur vegfarendum sem koma að austan vegna miðdeilis á veginum. Yfirborð plansins er illa farið og engin afmörkun er fyrir bílastæði. Aðkoma að planinu er slæm þar sem kröpp beygja leiðir beint úr hraðri umferð inn á planið. Engin óhöpp sem tengjast staðnum hafa verið skráð (Samgöngustofa, 2022).

Tillögur að úrbótum: Vegna þess hve vinsælt útskotið er, er lagt til að koma fyrir stóru myndastoppi skv. hönnunartillögu og gæta sértaklega að tengingu við þjóðveginn með umferðaröryggi í huga. Mögulega mætti færa planið ofar við veginn (vestar) til að koma því betur fyrir, án þess að ganga á gæði útsýnis (sjá tillögu á Mynd 4.57). Þetta þarf skoða vel út frá umferðaröryggi og útsýni. Við þetta má bæta að samkvæmt viðmælendum hefur fullhannað plan legið fyrir í einhvern tíma en ekki komið til framkvæmda.

Svæðið er á vatnsverndarsvæði III fjarsvæði og á aðalskipulagi liggur hjólréiðastígur framhjá áningarstaðnum (Sveitarfélagið Ölfus, 2012). Þá er svæðið þakið eldhrauni sem nýtur verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og ber að forðast að raska því nema brýna nauðsyn beri til.



Mynd 4.57 Möguleg ný staðsetning áningarstaðar í Kömbum (rauður hringur). Hægt væri að láta veg að áningarstað fylgja slóðanum sem sýndur er við Urðarás til að draga úr riski á hrauni (map.is).

4.23 Svínahraun



Svínahraun

Vegnúmer:	1
Stöðvarnúmer:	700
Flokkun:	Engin
Umferðaröryggi:	Slæmt
Aðbúnaður:	Enginn
Aðdráttarafli:	Hraun
Tillögur til úrbóta:	Afmá

Mynd 4.58 Ferðamenn stoppa í vegkanti í Svínahrauni við þjóðveg 1 til að taka myndir. Gönguleið liggur út á hraunið, neðst hægra megin.



Mynd 4.59 Svínahraun. Ferðamenn stöðva í vegkanti þar sem rými er.

Svínahraun sem rann úr Brennisteinsfjöllum fyrir um 5.200 árum síðan er þykkt og vel mosavaxið. Hraunið fangar athygli ferðamanna sem stöðva gjarnan í vegkanti til að ganga út á hraunið og taka myndir. Slóði liggur frá vegkantinum yfir hraunið og upp í fjallendið fyrir ofan. Í raun er ekki aðstaða til að stoppa þarna, en ferðamenn nota vegöxl við umferðarskilti sem þarna eru (Mynd 4.59).

Tvö óhöpp eru skráð sem geta tengst myndastoppum ferðamanna á þessum stað. Í báðum tilfellum var ekið aftan á bíl sem hafði stöðvað í vegkanti (Samgöngustofa, 2022).

Staðurinn er á vatnsverndarsvæði III fjarsvæði vatnsbóla (Sveitarfélagið Ölfus, 2012) og er innan svæðis á C-hluta náttúruminjaskár nr. 753; Eldborgir við Lambafell (Umhverfisstofnun, 2022).

Tillögur að úrbótum: Lausnin sem hér er lögð til er að afmá þennan stað en útbúa plan sem uppfyllir þörf ferðamanna til að taka myndir af hrauninu án þess að setja sjálfa sig og aðra vegfarendur í hættu, sjá nánar kafla 4.24 um lausn.



4.24 Við slysaskilti



Við slysaskilti

Vegnúmer:	1
Stöðvarnúmer:	2.100
Flokkun:	Engin
Umferðaröryggi:	Ekki gott
Aðbúnaður:	Enginn
Aðdráttarafli:	Hraun, norðurljós
Tillögur til úrbóta:	Nýr áningarstaður

Mynd 4.60 Ferðamenn stöðva við skilti sem sýnir fjölda dauðsfalla sem hafa orðið í umferðinni á árinu (map.is)



Mynd 4.61 Skiltið með malarsvæði þar sem ferðamenn stöðva við.

Þegar komið er tæpan km austur fyrir Litlu Kaffistofuna er skilti sem segir hversu margir hafa látið lífið í umferðinni það sem af er árinu. Slóði liggur frá Hringveginum og að malarplani sem skiltið stendur á. Samkvæmt viðmælendum stoppar fólk hér til að skoða norðurljós á vetrum og til að mynda hraun og aðra náttúru á sumrin. Einnig er staðurinn nýttur sem bílastæði fyrir göngufólk. Aðkoma að þessum stað er slæm, enda er hann ekki ætlaður sem áningarstaður. Vegfarendur sjá þarna skyndilega slóða sem mögulegt er að aka inn á, rétt eftir að komið er upp brekku og hætta er á að ekið sé aftan á bíla sem snögghemla. Engin slys eru þó skráð á þessum stað á slysakorti Samgöngustofu (Samgöngustofa, 2022).

Staðurinn er á vatnsverndarsvæði III fjarsvæði vatnsbóla (Sveitarfélagið Ölfus, 2012) og er innan svæðis nr. 753 á náttúruminjaskrá; Eldborgir við Lambafell, Ölfushreppi, Árnessýslu. (1) Eldvörpin, hrauntraðirnar frá þeim ásamt hrauninu umhverfis. (2) Formfagarar eldstöðvar frá sögulegum tíma (Umhverfisstofnun, 2022).



Tillögur að úrbótum: Til þess að mæta eftirspurn eftir stað til að skoða hraun í návígi og norðurljós að vetrum er hér lögð fram tillaga að stað sem sameinar þetta tvennt. Þetta er hugsað bæði fyrir ferðamanninn sem ferðast á eigin vegum og þá sem eru í skipulögðum rútuferðum.

Staðurinn er sunnan Suðurlandsvegar um 750 m austan við Litlu Kaffistofuna, við gönguleið að Blákolli sem er móbergshryggur austan við Vífilsfell. Þarna eru myrkurgæði ágæt fyrir norðurljósaskoðun og stutt að komast í úfið mosavaxið hraun án þess að stefna umferðaröryggi í hættu. Þá væri hægt að tengja áningarstaðinn við gönguleiðir út í hraunið. Hrauninu hefur verið raskað á þessum stað og því ekki um mikið viðbótarrask að ræða. Má því segja að áningarstaðurinn væri ekki í ósamræmi við 61. gr. laga um náttúruvernd.



Mynd 4.62 Tillaga að staðsetningu áningarstaðar sem nýtist til norðurljósaskoðunar og gefur tækifæri á að sjá úfið hraun í návígi. Rauður hringur gefur til kynna umfang áningarstaðarinn.

5 Frumdrög að hönnun

Hluti af vinnu við greinargerðina er að koma með tillögu að útfærslu á myndastoppi, áningarstað og norðurljósaplani, sjá teikningar í viðauka.

Við tillögugerð allra þriggja útfærslanna er lögð áhersla á að tenging þeirra við þjóðveg sé með einum stút, það er að segja að inn- og útakstur er á sama stað. Þetta er gert til að hafa betri vegsýn sem eykur umferðaröryggi þeirra sem fara um þjóðvegina. Þegar staðarval er ákveðið verður að hafa í huga sjónlengdir frá innakstri áningarstaðar/myndastopp/ norðurljósaplans þannig að ekki skapist hættu vegna ökutækis sem kemur á 90 km hraða úr beygjuni á þjóðvegi. Á Gullna hringnum er þetta vandamál við marga af áningarstöðunum að vegsýn er erfið, bæði fyrir þann sem er á þjóðveginum og hinn sem er að koma inn á þjóðveg frá áningarstað. Ennfremur þarf að merkja áningarstaðina með góðum fyrirvara á þjóðvegi, t.d. eins og gert er í Noregi þar sem merkið kemur þegar að lágmarki er 1 km (að



hámarki 2 km) að staðnum. Hérlandis virðist vera miðað við 200 m en það er mat höfunda að það sé of stutt, enda eru 200 metrar örskot að líða á 90 km hraða. Ekki er gert ráð fyrir neinum ruslastömpum, gestir staðanna eiga að taka sitt rusl með sér sem þeir gera í 99% tilfella þegar þeir sjá að það eru engir ruslastampar til staðar.

Myndastopp: Þessi staður er hugsaður sem stutt stopp, leggja bílnum, taka myndir og yfirgefa staðinn. Gert er ráð fyrir 2 stæðum fyrir rútur og 11+1 stæðum fyrir fólksbíla. Það er ekki gert ráð fyrir að gestir geti tyllt sér niður. Lagt er til að komið verði upp upplýsingaskilti sem fræðir gesti um hvað ber fyrir augu í umhverfinu. Til að gestir upplifi svæðið sem öruggt er lagt til að setja lýsingu á svæðið.

Áningarstaður: Á þessum stað er hugmyndin að gestir geti stoppað lengur, bekkir og borð eru til staðar á áningarstað þannig að gestir geti sest niður og t.d. nært sig. Gert er ráð fyrir 3 stæðum fyrir rútur og 13+1 stæðum fyrir fólksbíla. Rútustæðin eru aðeins frá bílastæðum fólksbíla til að auka umferðaröryggi á áningarstaðnum, rúturnar keyra hringakstur, stoppa við stæðin og farþegar ganga eftir göngustíg að áningarsvæðinu. Á tímum þar sem mikil aukning er á rafbílum hérlandis mætti mögulega gera ráð fyrir rafhleðslustöð á áningarstöðum framtíðarinnar. Til að gestir upplifi svæðið sem öruggt er lagt til að setja lýsingu á svæðið.

Norðurljósaplan: Við vinnslu þessarar greinargerðar kom í ljós vöntun á svæði þar sem hægt er að njóta norðurljósa í öllu sínu veldi. Rútubílstjórar nefndu t.d. að þeir komi oft að bílaleigubílum sem hafa stöðvað hér og þar við þjóðvegi að vetrarlagi og ástæðan eru norðurljós á himni. Tillagan sem er sýnd hér í greinargerðinni gerir ráð fyrir að aðskilja rúrustæði og bílastæði fyrir fólksbíla. Rútur snúa þannig að framljós þeirra snúa frá gónplani þannig að þau trufli ekki myrkrið. Fyrir framan bílastæði fólksbíla er lagt til að gróðursetja sígrænar plöntur sem „gleypa“ í sig bílljós fólksbíla. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir 6 rúrustæðum og 24+1 stæði fyrir fólksbíla. Lagt er til að setja lágstemmda lýsingu á svæðið, hún á að lýsa niður á gönguleiðir til að raska sem minnst útsýni að norðurljósunum og stjörnunum. Lagt er til að komið verði fyrir set- og legubekkjum á gónplani.

6 Umræður

Áningarstaðir sem eru til umfjöllunar í þessari greinargerð eru 24. Þetta eru helstu staðirnir sem komu fram í viðræðum við viðmælendur en það er ljóst að einhverjir staðir verða útundan.

Um helmingur áningarstaðanna sem nefndir eru í þessari skýrslu eru innan svæðis á náttúruminjaskrá eða njóta annarrar verndar vegna náttúrufars. Það er ekki að undra þar sem það er að mestu falleg náttúra sem fær ferðamenn til að stoppa og taka myndir, ásamt hrossum og kirkjum. Í tillögum er lögð til uppbygging þriggja nýrra áningarstaða og er einn þeirra á eldhrauni sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og segir þar að forðast beri röskun nema brýna nauðsyn beri til. Jafnframt er einn þeirra á náttúruminjaskrá. Uppbyggingu áningarstaða á hrauni eða öðru verndarsvæði er ætlað að anna eftirspurn eftir áningarstöðum þar sem ferðamenn komast í návígi við eða hafa góða sýn á eftirsóknarverða náttúru. Með því að útbúa þessa staði er dregið úr hættu á umferðarslysum og einnig er aðgengi að viðkvæmri náttúru betur stýrt.

Ef þessar tillögur verða að veruleika þarf að fara með framkvæmdina í gegnum tilhlýðilega leyfisferla og samráð við landeigendur en einnig þarf að hafa eftirfarandi í huga: „Þegar staðsetning hliðarmannvirkis er valin þarf að tryggja að tengingin (inn-útkeyrsla) inn á þjóðveginn uppfylli veghönnunarreglur og teljist örugg og valdi ekki öðrum vegfarendum hættu og óöryggi. Þegar valinn er staður fyrir hliðarmannvirki þarf að greina aðstæður í landslagi og ákveða plan- og hæðarlegu svæðisins þannig að svæðið og búnaður trufli ekki



vegfarendur eða hindri vegsýn. Taka þarf tillit til veðurfarsþátta og hafa í huga mismunandi aðstæður eftir árstíðum". (Fríða Björg Eðvarðsdóttir, 2019).

Í greinargerðinni eru lagðar til úrbætur á níu áningarstöðum, með vísun í hönnunartillögur. Ástæðan er í flestum tilfellum sú að tenging við veg er ekki góð og umferðaröryggi ógnað eða staðurinn nær ekki að anna þeirri umferð sem um hann fer svo vel sé. Í nokkrum tilfellum er bent á að viðhaldi á innviðum áningarstaða sé ábótavant og telja skýrsluhöfundar að skerpa þurfi á því hver ber ábyrgð á viðhaldi og setja það í ferli en flestir áningarstaðir eru á forræði Vegagerðarinnar sem og vegurinn sjálfur og veghelgunarsvæðið.

Mjög misjafnt er hvort og hvernig vísað er á viðkomandi áningarstaði. Í sumum tilfellum er áningarstaður gefinn til kynna með skilti 500 m áður, í öðrum 200 m áður og í enn öðrum tilfellum er skiltið við staðinn sjálfan en ekki áður en komið er að honum. Skýrsluhöfundar telja að fara þurfi kerfisbundið yfir merkingar á áningarstöðum og leggja til að ferðamenn séu jafnvel upplýstir fyrir um áningarstaði. Reikna má með að slíkt dragi úr því að ferðamenn snögghemli þegar komið er að áningarstað, með tilheyrandi slyshættu. Horfa mætti til Norðurlandanna hvernig og með hvaða hætti ferðamenn eru upplýstir um staðsetningar áningarstaða við þjóðvegi. Í Noregi er t.d. reglan að áningarstaður er kynntur til leiks að lágmarki einum km áður en komið er að staðnum en að hámarki tveimur km.

Verkefnið fjallar um Gullna hringinn, en allir eða veflestir viðmælendur minntust á þörfina á aðstöðu til norðurljósaskoðana og var því ákveðið að fella það inn í verkefnið. Í viðtölum kom fram að mikil hætta getur skapast þegar ferðamenn leggja bílum í vegkanti í svartamyrkri og standa jafnvel á miðjum veginum að virða fyrir sér norðurljósinn og hafa slyshættu vegna þess.

Með lengri ferðamannatíma og ásókn í norðurljósaferðir verður jafnframt að hafa í huga hvernig vetrarþjónusta er á áningarstöðum. Við hönnun áningarstaða verður að gera ráð fyrir að snjórúðningstæki eigi greiða leið um staðinn án þess að eiga á hættu að valda skemmdum.

Mjög mikilvægt er að hafa í huga að áningarstaðurinn uppfylli allar reglur um aðgengi fyrir alla, þetta á bæði við um nýja og núverandi áningarstaði. Það er ekki nóg að bjóða bara upp á bílastæði fyrir fatlaða en ekki aðgengi um svæðið fyrir einstakling sem notast við hjálpartæki. Huga þarf að notkun leiðilína frá bílastæði að setsvæði og upplýsingaskilti sem þarf að útbúa á þann hátt að allir njóti góðs af, eins og t.d. með blindralettri. Sem dæmi mætti taka Pólland til fyrirmyndar hvernig þar er miðlað upplýsinga um umhverfið til blindra/sjónskertra notenda með því að útbúa lítil bronsmódel af umhverfinu/landslaginu þannig að sá sem ekki sér með sínum eigin augum getur upplifað svæðið með höndum. Þetta gæti t.d. hentað til að upplifa fjallahringinn við áningarstað að Gýgjarhóli.

7 Niðurstaða

Gullni hringurinn er fjölfarnasta ferðamannaleið landsins og mikilvægt að á henni séu áningarstaðir sem eru öruggir, snyrtilegir og vel til þess fallnir að svara eftirspurn ferðamanna eftir aðstöðu til að stöðva og virða fyrir sér það sem fangar athygli þeirra. Ávinningurinn er aukið öryggi og möguleiki á að hægist á eða dreifist úr þeim mikla straumi ferðamanna sem stefna á helstu stjórnur Gullna hringsins; Þingvelli, Gullfoss og Geysi. Þá má segja að með vel skipulögðum áningarstöðum sé verið að setja tóninn um hvernig við tökum á móti ferðamönnum, að við viljum sýna metnað í aðstöðu fyrir ferðamenn og um leið sýna að við berum virðingu fyrir náttúrunni okkar með því að afmarka áningarstaðina og stýra umferðinni með markvissum hætti.




8 Heimildir

- Bláskógabyggð. (2018). *Bláskógabyggð Aðalskipulag 2015-2027*. Bláskógabyggð og Steinsholt .
- Fríða Björg Eðvarðsdóttir. (2019). *Hliðarmannvirki, drög að leiðbeiningum*. Reykjavík: Vegagerðin.
- Rúnar Gunnarsson. (2023). *Kort af fyrirhugðum vegi að Brúarfossi*.
- Rögnvaldur Ólafsson, & Gyða Þórhallsdóttir. (2015). *Fjöldi ferðamanna á átta áfangastöðum á Suður- og Vesturlandi 2014-2015*. Reykjavík: Ferðamálastofa.
- Samgöngustofa. (12. 10 2022). *Slysakort*. Sótt frá Samgöngustofa: <https://map.is/samgongustofa/>
- Skógræktarfélag Íslands. (13. 10 2022). *Snæfoksstaðir*. Sótt frá Skógargátt: <https://www.skogargatt.is/snaefoksstaðir>
- Sóley Jónasdóttir. (2017). *Hringvegurinn - Áhugaverðir staðir*. Reykjavík: Vegaðgerðin.
- Sveitarfélagið Ölfus. (2012). *Sveitarfélagið Ölfus Aðalskipulag 2010-2022*.
- Umhverfisstofnun. (7. 11 2022). *Náttúruminjaskrá*. Sótt frá Umhverfisstofnun: <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudurland/>
- Vegagerðin. (24. 10 2022). *Gæðahandbók þjónustudeildar*. Sótt frá Áningarstaðir: <https://www.vegagerdin.is/sthbthjon.nsf/>
- Vegagerðin. (24. 10 2022). *Vegorðasafnið*. Sótt frá Vegagerðin: <https://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/vegordasafn/>
- Zeppelin Arkitektar. (2020). *Efri-Reykir í Bláskógabyggð - Hótel og baðlón. Deiliskipulagstillaga*.
- Þjóðkirkjan. (7. 11 2022). *Kotstrandarkirkja*. Sótt frá Kirkjan: [https://kirkjan.is/soknir/\\$CongregationsAndChurches/Detail?id=c8f0b25a-220b-40ff-996a-19d05a66511e](https://kirkjan.is/soknir/$CongregationsAndChurches/Detail?id=c8f0b25a-220b-40ff-996a-19d05a66511e)




9 Viðauki

9.1 Yfirlitskort um staðsetningar myndastoppa



Skýringar

- Gullni hringurinn
- Engar breytingar
- þarfnast endurbóta
- Tillaga að nýjum stað





9.2 Yfirlitstafla

Flokkur	Nr.	Heiti	Vegnumér	Stöðvarnúmer	Flokkun	Umferðaröryggi	Aðbúnaður	Aðdráttarafli	Tillögur til úrbóta
D	1	Leirvogsvatn	36	4.400	Engin	Ekki gott	Enginn	Norðurljós, stöðuvatn, víðerni	Engar
C	2	Kjósarskarðsvegur	48	4.700	Engin	Slæmt	Enginn	Norðurljós	Uppfæra í norðurljósaplan.
A	3	Stóralandstjörn	36	4.000	Útskot	Ekki gott	Enginn	Tjörn, mói	Endurbætur á núverandi stað, myndastopp.
A	4	Vilborgarkelda	36	850	Áningarstaður	Slæmt	Bekkir, borð, upplýsingaskilti	Útsýni yfir Þingvallavatn	Endurbætur á núverandi stað, áningarstaður.
A	5	Skálabrekka	36	7.760	Engin	Ekki gott	Bekkir og borð	Útsýni yfir Þingvallavatn	Leggja niður eða bæta verulega.
D	6	Hrafnagjá	36	2.770	Áningarstaður	Gott	Bekkir og borð	Útsýni yfir Þjóðgarðinn	Vísa fyrir á staðinn.
D	7	Lyngdalsheiði vestur	365	10.480	Áningarstaður	Gott	Bekkir og borð	Útsýni yfir Þingvallavatn, fjallasýn	Viðhald og skilti.
B	8	Beitivellir	365	7.500	Engin	Ekki metið	Enginn í dag	Fjallasýn	Myndastopp (nýr staður).
D	9	Lyngdalsheiði miðsvæði	365	2.820	Engin	Ekki gott	Enginn	Útsýni yfir Laugarvatn	Engar.
D	10	Lyngdalsheiði austur	365	2.100	Áningarstaður	Gott	Bekkir, borð, upplýsingaskilti	Útsýni yfir Laugarvatn	Bæta merkingar.
D	11	Miðdalskirkja	37	4.680	Engin	Slæmt	Enginn	Falleg kirkja	Engar.
A	12	Brúará	37	13.000	Engin	Slæmt	Enginn	Gönguleið að Brúarfossi, vatnsfall	Er í úrbótaferli hjá landeigendum.
D	13	Brú yfir Tungufljót	35	7.060	Engin	Slæmt	Enginn	Vatnsmikið fljót, flúðir	Engar
D	14	Brú	35	7.800	Engin	Ekki gott	Sala á hrossafóðri	Hross	Engar
B	15	Gýgjarhóll	30	2.700	Engin	Ekki metið	Enginn í dag	Fjallasýn, 360°	Myndastopp (nýr staður)
B	16	Brúarhlöð	30	3.670	Engin	Ekki gott	Bekkir, borð, upplýsingaskilti	Landslag, vatnsmikil á	Er í úrbótaferli hjá landeigendum.
D	17	Brúará við Spóastaði	35	8.520	Áningarstaður	Gott	Bekkir, borð, upplýsingaskilti	Brúará	Bæta yfirborð og merkingar fyrir staði.
D	18	Snæfoksstaðir	35	1.900	Opinn skógur	Ekki gott	Bekkir, borð, upplýsingaskilti	Skógur, næði	Bæta merkingar.
A	19	Tannastaðir	35	5.500	Áningarstaður	Slæmt	Bekkir, borð, upplýsingaskilti	Útsýni, víðsýnt	Endurbætur á núverandi stað, áningarstaður.
D	20	Sumarbústaður í Ingólfsfjalli	35	1.920	Engin	Slæmt	Enginn	Sumarbústaður, stórgryti í hlíð	Engar
D	21	Kotstrandarkirkja	1	6.400	Engin	Slæmt	Enginn	Kirkja, jólaljós	Engar
B	22	Kambabrún	1	4.440	Upplýsingaútskot	Slæmt	Upplýsingaskilti, hringsjá	Útsýni	Endurbætur á núverandi stað, áningarstaður og/eða möguleg tilfærsla.
D	23	Svínahraun	1	700	Engin	Slæmt	Enginn	Hraun	Afmá.
C	24	Við slyssaskilti	1	2.100	Engin	Ekki gott	Enginn	Hraun, norðurljós	Norðurljósaplan (nýr staður)


Yfirlit yfir áningarstaði sem skráðir voru í verkefninu. Skilgreiningar: Flokkur **A** þýðir að lagt er til að viðkomandi staður sé í forgangi hvað úrbætur varðar, **B** þýðir miðlungsforgang, **C** minni forgang og að lokum flokkur **D** en í þeim flokki felast úrbætur fyrst og fremst í bættum merkingum og viðhaldi.



9.3 Myndastopp – teikning



9.4 Áningarstaður - teikning



VSÓ RÁÐGJÖF



Áhugaverðir staðir á Gullna hringnum

Hannað: ÁCG	Mælt: -	Verknr.: 22313
Teiknað: ÁCG	Dags.: Jan 2022	Mælikv.: 1:500 (A3)
Yfirf.: -	Teikn.nr.: -	Br. -
Samþ.: -		

Tilaga að áningarstað Yfirlitsmynd



9.5 Norðurljósastopp - teikning

